

Alþingi
Erindi nr. P 126/2214
komudagur 2.5.2001



Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 30. apríl 2001.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp um breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. 126. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 1002 - 627. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 10. apríl 2001, þar sem óskað er um-sagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og skilar eftirfarandi umsögn:

Tilgangur frumvarpsins er þriþættur:

Lögfesta heimild fyrir Persónuvernd til þess að ákveða og auglýsa tilteknar EB gerðir hér á landi nú og samsvarandi gerðir í framtíðinni, í samræmi við Forsögn (Directive) EB 95/46, sem lögin um persónuvernd nr. 77/2000 áttu að færa í íslenska löggjöf.

Lögfesta skýrlega lagaskilaákvæði Forsagnar EB 95/46 og

Tryggja, að ákvæði laga um persónuvernd verði betur í samræmi við þær öryggiskröfur í vinnslu upplýsinga, sem Forsögn EB 95/46 gerir ráð fyrir.

Laganefnd telur öll ofangreind markmið eðlileg og að lögfesting frumvarpsins sé líkleg til þess að þau náist og mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður